



Borgarráð

Reykjavík, 23. febrúar 2026

MSS26020091

Erindisbréf stýrihóps um málefni NEET-hópsins

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um málefni NEET-hópsins.

Hlutverk stýrihópsins er að greina stöðu NEET-hópsins og leggja fram tillögur að aðgerðum til að tryggja að sá hópur stækki ekki og hvernig er betur hægt að mæta þeim sem eru í þessum hóp. Hópurinn skal vinna að samþættingu og eflingu þeirra úrræða sem þegar eru í boði, meta hvernig borgin getur best komið í veg fyrir að ungt fólk detti út úr námi eða vinnu, og tryggja samfellu milli menntunar, félagslegrar þjónustu og atvinnumála.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

1. Erindisbréf stýrihóps um málefni NEET-hópsins
2. Samantekt um stöðu og aðgerðir vegna NEET-hópsins í Reykjavík
3. Útfærsla á tillögum á forvarnarhluta Hins hússins
4. Úrræði Reykjavíkurborgar og ríkis fyrir NEET hópinn



Reykjavík



Reykjavík, 24. febrúar 2026

MSS26020091

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um málefni NEET-hópsins

Ábyrgðaraðili: Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að styðja ungt fólk til virkni, menntunar og þátttöku í samfélaginu. Á undanförunum árum hefur orðið vart við vaxandi hóp ungmenna sem hvorki eru í námi, starfi né virkniúrræðum (svonefndur NEET-hópur). Til að bregðast við þessari þróun og tryggja að hópurinn stækki ekki skipar borgarstjóri stýrihóp sem leggja á fram tillögur um samhæfðar aðgerðir og forvarnir fyrir ungt fólk í Reykjavík.

Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að greina stöðu NEET-hópsins og leggja fram tillögur að aðgerðum til að tryggja að sá hópur stækki ekki og hvernig er betur hægt að mæta þeim sem eru í þessum hóp. Hópurinn skal vinna að samþættingu og eflingu þeirra úrræða sem þegar eru í boði, meta hvernig borgin getur best komið í veg fyrir að ungt fólk detti út úr námi eða vinnu, og tryggja samfellu milli menntunar, félagslegrar þjónustu og atvinnumála. Vinnan skal byggjast á nánú samstarfi milli velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs, menningar- og íþróttasviðs og annarra viðeigandi aðila. Markmiðið er að leggja fram stefnumótandi tillögur sem sameina forvarnir, snemmtækan stuðning og virkniúrræði fyrir ungmenntu í borginni.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kortleggja núverandi úrræði Reykjavíkurborgar og ríkis sem beinast að NEET-hópnum og greina samlegð og gloppur í þjónustu.
- Móta tillögur að forvörnum og snemmtækum stuðningi til að draga úr líkum á að ungmenntu falli í NEET-hópinn.
- Leggja fram tillögur að úrbótum í þjónustu, eftirfylgni og samvinnu milli sviða borgarinnar og annarra stofnana.
- Meta hvernig best verði staðið að virkniúrræðum fyrir ungt fólk utan skóla og vinnu, m.a. í samstarfi við Hitt húsið og aðra þjónustuaðila.
- Koma með tillögur um framtíðarfyrirkomulag samhæfingar á þjónustu við ungt fólk í áhættuhópum innan Reykjavíkurborgar.



Reykjavík

**Stýrihópurinn skipa:**

Guðný Maja Riba (formaður)
Einar Sveinbjörn Guðmundsson
Magnea Gná Jóhannsdóttir

Starfsmaður stýrihópsins:

Starfsmaðurinn kemur frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðaraðila niðurstöðum fyrir 7. apríl 2026.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarstjóri

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 11.11.2025

MSS26020091

Samantekt um stöðu og aðgerðir vegna NEET-hópsins í Reykjavík

Á undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg, í samstarfi við ríki, stofnanir og félagasamtök, aukið áherslu á að mæta þörfum ungmenna sem hvorki eru í námi, vinnu né virkniúrræðum, svonefnds NEET-hóps (Not in Education, Employment or Training). Markmiðið er að draga úr félagslegri einangrun, auka virkni og tryggja að fleiri ungmenni fái tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Hópurinn er fjölbreyttur og samanstendur af einstaklingum sem standa mislangt frá vinnumarkaði og menntakerfi, þar á meðal brotthvarfsnemar úr framhaldsskólum, ungmenni með námsörðugleika, geðræn vandamál eða erfiðar félagslegar aðstæður, sem og ungmenni af erlendum uppruna.

Tölur benda til að um 6% ungmenna á aldrinum 16 til 24 ára séu utan náms og vinnu, sem samsvarar um 1.500 einstaklingum í Reykjavík. Þessi hópur er sérstaklega viðkvæmur fyrir langvarandi félagslegri einangrun, fjárhagsörðugleikum og brotthvarfi frá samfélagslegri þátttöku. Því er ljóst að þörf er á samþættri stefnu þar sem forvarnir, virkniúrræði og stuðningsnet vinna saman.

Núverandi aðgerðir og úrræði

Reykjavíkurborg rekur nú fjölda verkefna sem beinast að virkni ungmenna í áhættuhóp. Margar þessara aðgerða eru þróaðar í samstarfi milli Hins hússins, velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og menningar- og íþróttasviðs.

Helstu úrræði má skipta í tvo meginflokka: annars vegar sértækar aðgerðir fyrir NEET-hópin og hins vegar forvarnarverkefni og frítímastarf sem ætlað er að draga úr líkum á að ungmenni falli í þann hóp.

1. Sérhæfð úrræði fyrir NEET-hópin á vegum Hins Hússins

Hitt húsið hefur komið að fjölmörgum verkefnum sem beinast að ungmönnum í NEET-stöðu, þar má nefna:

- Tengjumst / Connect – tveggja ára tilraunaverkefni sem styður flóttabörn og ungmenni með alþjóðlega vernd eða í hælisumsóknum. Markmiðið er að efla virkni, kynna tækifæri á vinnumarkaði og styrkja félagsleg tengsl.
- Vítamín – virkni- og starfsleitarnámskeið í samstarfi við Vinnumálastofnun sem sameinar sjálfsstyrkingu, vellíðan og starfsþjálfun. Margir þátttakendur hafa síðar fengið ráðningu á vinnustöðum.
- Atvinnuráðgjöf – einstaklingsmiðuð ráðgjöf fyrir 16–25 ára þar sem unnið er með styrkleika, ferilskrárgerð og sjálfstraust í atvinnuleit.



Reykjavík



- Sumarstörf fyrir 17 ára í viðkvæmri stöðu – verkefni í samstarfi við Mannauðs- og mönnunarsvið, þar sem ungmennum í áhættuhópum er komið í sumarstörf með persónulegum stuðningi.

Auk þess sinna verkefnin Vinatengsl / Friend Zone og Vinfús félagslegri virkni og valdeflingu fyrir ungmenni sem glíma við einangrun eða eru í viðkvæmri stöðu.

Sjá: *Verkefni í Hinu Húsinu sem tengjast NEET-hópnum.*

2. Önnur úrræði borgarinnar

Samkvæmt yfirliti yfir úrræði borgar og ríkis fyrir NEET-hópin eru einnig verkefni eins og Unglingabráun, Skoska verkefnið (með MoveOn í Skotlandi), Námskraftur, Foreldrahús, og hinsegin félagsmiðstöðin S78 og fleirri. Þessi úrræði miða að því að bjóða félagslegan stuðning, valdeflingu og viðveru fyrir ungmenni á mörkum menntakerfis og vinnumarkaðar.

Sjá: *Úrræði Reykjavíkurborgar og ríkis fyrir NEET hópin.*

Hlutverk og framtíðarsýn Hins hússins

Skýrsla stýrihópsins um framtíðarsýn Hins hússins undirstrikar að húsið er lykilaðili í forvarnar- og virknipjónustu fyrir 16–25 ára ungmenni. Þar kemur fram að Hitt húsið eigi að:

- Auka áherslu á forvarnir og draga úr áhættuhegðun ungmenna, í nánú samstarfi við lýðheilsustefnu borgarinnar.
- Þróa formlegt samstarf við félagsmiðstöðvar, framhaldsskóla og velferðarsvið, þar á meðal með þátttöku í innleiðingu farsældarlaga.
- Þjónusta sérstaklega aldurshópin 16–18 ára og mæta honum í nærumhverfi hans, m.a. með samstarfi við framhaldsskóla og hverfismiðstöðvar.
- Leggja áherslu á vettvangsstarf og beinan stuðning við ungmenni í hverfum borgarinnar í samstarfi við Flotann og önnur vettvangsverkefni.
- Halda áfram verkefnum á sviði jafningjafræðslu, ofbeldisvarna og geðræktar.

Þessar tillögur mynda grunn að samþættri nálgun Reykjavíkurborgar þar sem Hitt húsið verður miðlægur hlekkur milli menntunar, atvinnu, félagsþjónustu og frístundastarfs.

Sjá: *Lokaskjal Hitt Húsið 9.apríl 2024.*

Forvarnir og stefnumótandi áherslur

Í tillögum stýrihóps um útfærslur á tillögum á forvarnahluta Hins Hússins er lagt til að:

- Hitt Húsið fái sérstakan forvarnafulltrúa og tvö ný stöðugildi til að efla vettvangsstarf og kvöldopnanir.
- Komið verði á formlegu samstarfi við framhaldsskóla og félagsmiðstöðvar um kynningar og samstarfsverkefni.
- Hitt Húsið sinni 16–18 ára hópnum markvisst með opnu húsi og styrkjaþotti fyrir sjálfsprottin ungmennaverkefni.
- Hitt Húsið standi fyrir verkefnunum „Jafningjafræðsla“ og „Styrkur og vellíðan“ sem efla lífsgæði og sjálfsstyrk.

Þessar tillögur tengjast beint við forvarnastefnu borgarinnar og lýðheilsuþætti um að auka tengsl, sjálfstraust og virkni ungs fólks í borginni.

Sjá: *HH – tillögur vegna forvarnaverkefni í framhaldi af skýrslu um HH.*



Reykjavík



Hlutverk velferðarsviðs og samhæfing þjónustu

Velferðarsvið hefur á undanförunum árum þróað stuðningsferla til að grípa ungmenni áður en þau detta út úr menntakerfi. Innleiðing farsældarlaganna og verkefnisins *Betri borgar fyrir börn* hefur eflt samstarf grunnskóla og miðstöðva um snemmtæka íhlutun. Miðstöðvarnar gegna lykilhlutverki í að fylgja eftir þeim sem hætta í skóla og tryggja tengingu við ráðgjöf, geðheilbrigðisþjónustu og virkniúrræði eins og þau sem Hitt húsið býður. Samhæfing milli sviða er því forsenda þess að árangur náist í baráttunni við félagslega einangrun ungmenna og stækkun NEET-hópsins.

Lokaorð

Reykjavíkurborg byggir á sterkum grunni í forvarnarstarfi, virkniþjónustu og samstarfi stofnana sem snúa að ungmennum í áhættuhópum. Hins vegar sýna gögn að þörf er á skýrari heildarstefnu og samhæfingu milli sviða til að tryggja samfellu milli skólakerfisins, félags þjónustunnar og vinnumarkaðarins.

Tillögur stýrihópsins um framtíðarsýn Hins hússins og niðurstöður velferðarsviðs leggja til að borgin:

- Skilgreini Hitt húsið sem miðlæga forvarnar- og virkniþjónustu fyrir 16–25 ára.
- Tryggi fjármögnun nýrra stöðugilda til að sinna forvörnum og vettvangsstarfi.
- Efli samstarf við framhaldsskóla, félagsmiðstöðvar og hverfismiðstöðvar,
- Tryggi að ungmenni í NEET-hópnum hafi raunveruleg tækifæri til virkni, menntunar og þátttöku.

Með slíkri nálgun getur Reykjavíkurborg betur samþætt þjónustu við ungt fólk, þar sem markmiðið er að skapa tækifæri og framtíðarsýn fyrir ungmennin í borginni.

Virðingarfyllt,
Sindri Freyr Ásgeirsson
Verkefnastjóri



Reykjavík

Útfærsla á tillögum á forvarnahluta Hins hússins

1. Forvarnir

- a) Skerpt verði á nýrri forgangsröðun í starfsemi Hins hússins með því að auka áherslu á forvarnarstarf og vinnu við að fyrirbyggja og draga úr áhættuhegðun ungmenna. Lögð verði áhersla á forystuhlutverk og frumkvæði Hins Hússins í þeim málaflokki, þar sem tekið verði mið af nýrri forvarnaáætlun Reykjavíkurborgar sem verið er að vinna að undir lýðheilsustefnu borgarinnar.

Kostnaður: Til að mæta auknu umfangi og þeim tillögum sem hér eru tilgreindar þarf Hitt húsið að ráða starfsmann þ.e. forvarnafulltrúa í 50% stöðugildi (ca 4,5 milljónir). Til að bregðast við auknu mannhaldi í tillögunum er gert ráð fyrir 2 fullum stöðugildum til að sinna auknum kvöldopnunum, viðveru út í hverfum, í framhaldsskólum og í Flotanum. Samtals 2,5 stöðugildi ca 22,5 milljónir.

- b) Komið verði á formlegu samstarfi milli Hins hússins og félagsmiðstöðva borgarinnar m.t.t. upplýsingamiðlunar, samstarfsverkefna o.fl.

Útfærsla: Með formlegu samstarfi er hægt að byggja brú á milli þjónustupátta borgarinnar. T.d. að bjóða nemendum í 10. bekk á kynningu á starfi Hins hússins, mest að kvöldi til. Mest á vorönn og yfir sumarið.

Framkvæmd: Lagt er til að deildarstjórar félagsmiðstöðva og forvarnafulltrúi Hins hússins komi á þessu verkefni með aðstoð verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu SFS

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH

- c) Lagt er til að Hitt húsið sinni 16-18 ára hópnum sérstaklega og meti fýsileika þess að þjónusta þau í nærumhverfi sínu.

Útfærsla: Þessi aðgerð tengist lið d. Langtímamarkmið að opna ungmennahús í öllum borgarhlutum. Til að byrja með væri hægt að hefja samstarf við tvo framhaldsskóla og auglýsa starfið fyrir alla 16 ár og eldri í hverjum borgarhluta. Hægt væri að byrja með styrkjapott þar sem ungmenni í hverfinu geta sótt um fyrir sjálfsprottið starf eða hafa opið hús fyrir 16-18 ára einu sinni í viku í húsnaði borgarinnar.

Framkvæmd: Forvarnafulltrúi Hh í samstarfi við verkefnastjóra miðstöðva, frístundamiðstöðvar og framhaldsskóla.

Kostnaður: amk 30% starfshlutfall (tveir starfsmenn í tvo tíma, tvisvar í viku).

- d) Skoða hvernig megi auka enn frekar samstarf Hins hússins og framhaldsskóla í borginni. Leita eftir samstarfi við framhaldsskóla um samnýtingu aðstöðu og starfsfólks. Horft verði til samstarfs FB og félagsmiðstöðvarinnar 111.

Útfærsla: Til að byrja með væri hægt að hefja samstarf við 2 framhaldsskóla, s.s. FB og Borgarholtsskóla sem tilraunaverkefni. Samstarf Hins hússins, deildarstjóra félagsmiðstöðva, Flotans og tengiliða farsældar og lögreglunnar.

Framkvæmd: Gott væri að starfsmaður sem þekkir til samstarfs FB og 111 gæti aðstoðað við þetta samstarf, s.s. komið með tillögur að samstarfi. Forvarnafulltrúi Hh myndi hafa frumkvæði af þessu samstarfi.

Kostnaður: Miðað við samstarf við tvo framhaldsskóla mætti samnýta starfsmenn sem hugsaði eru í lið e (sjá útfærslu í lið a)

- e) Hitt húsið komi meira að vettvangsstarfi með ungmennum í hverfum borgarinnar. Skoðað verði hvort og þá hvernig aðkoma Hins hússins geti verið inn í starfsemi Flotans og vettvangsstarfs á stórviðburðum á vegum borgarinnar.
Útfærsla: Tvö stöðugildi eru nauðsynleg frá Hinu Húsinu til að sinna 16-18 ára ungmennum á kvöldopnunum í Hinu Húsinu og vettvangsstarfi með sama aldurshópi s.s. með Flotanum, mikilvægt er að þetta séu sömu starfsmenninir.
Framkvæmd: Forvarnarfulltrúi Hins hússins kemur samstarfinu á
Kostnaður: Tvö 100% stöðugildi (eins og tilgreint er í lið a, sjá útfærslu þar)
- f) Lögð verði áhersla á að taka skýra afstöðu gegn ofbeldi í allri fræðslu og vinnu með ungmennum í borginni og á höfuðborgarsvæðinu.
Útfærsla: Nú þegar er til mikið fræðsluefni um ofbeldi sem auðvelt er að bæta inn í núverandi færðslu Hins hússins ef þess þarf. Taka þarf saman þessa fræðslu og samlesa við þá færðslu sem er þegar til.
Framkvæmd: Forvarnafulltrúi Hins hússins sér um þessa vinnu með aðstoð Forvarnarfulltrúa Rvk og verkefnastjóra á frístundahluta fagskrifstofu SFS
Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnarfulltrúa HH
- g) Jafningjafræðsla verði í boði fyrir alla nýnema í framhaldsskólum þar sem boðið er uppá fræðslu á jafningjagrundvelli sem styður ungt fólk til að taka upplýstar ákvarðanir er varða heilbriggt líferni og viðhorf.
Útfærsla: Þessi aðgerð er samsvarandi við aðgerð B6 aðgerð 1 í Forvarnaráætluninni. Verkefnið er vel útfært af Hinu húsinu
Framkvæmd: Verkefnaáætlun Hins hússins
Kostnaður: Kostar 600.000 en styrkir frá Lýðheilsusjóði Embætti landlæknis hafa fallið niður, því þarf að finna þetta fjármagn annarstaðar. (Þessi kostnaður er ekki inn í heildar kostnaði sem tilgreindur er í lið a)
- h) Verkefnið „styrkur og vellíðan” standi ungu fólki til boða árlega. Verkefnið miðar að því að hvetja ungt fólk til virkni og efla félagsleg tengsl í gegnum hreyfingu og hópavinnu.
Útfærsla: Þessi aðgerð er samsvarandi við aðgerð B6 aðgerð 2 í Forvarnaráætluninni. Verkefnið er vel útfært af Hinu húsinu
Framkvæmd: Verkefnaáætlun Hins hússins
Kostnaður: Innan kostnaðarramma (þegar fjármagnað á styrkjum)
- i) Hitt húsið verði í formlegu samstarfi við einstök fagsvið innan Reykjavíkurborgar í málefnum er tengjast forvörnum og áhættuhegðun.
Útfærsla: Hitt húsið verði í samstarfi við verkefnastjóra miðstöðva um forvarnir í borgarhlutunum, við skrifstofu SFS og VEL
Framkvæmd: Forvarnarfulltrúi Rvk aðstoðar Hitt húsið við þessa tengingar
Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnarfulltrúa HH
- j) Hitt húsið verði í formlegu samstarfi við aðila með sambærilega starfsemi/hlutverk hjá nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og taki að sér forystuhlutverk í því samstarfi.
Útfærsla: Reglulegir samstarfsfundir og leggja drög að sameiginlegum verkefnum.
Framkvæmd: Forvarnafulltrúin HH hefur frumkvæði að samvinnunni.
Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnarfulltrúa HH
- k) Auka samstarf Hins hússins við foreldra og nýta samfélagsmiðla til að ná til þessa hóps með forvarnir í huga.
Útfærsla: T.d. Bjóða upp á foreldrafundi um verndandi þætti, stofna facebook síðu,

vera með skýr skilaboð á heimasíðu Hins hússins. Virkja jafningjafræðsluna í að koma skilaboðum til foreldra um unglingamenningu.

Framkvæmd: Forvarnafulltrúin HH kemur verkefninu af stað.

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH

- l) Hitt húsið verði virkur þátttakandi í innleiðingu farsældarlaganna með formlegum hætti og hafi formgerða tengingu við tengiliði framhaldsskólana í Reykjavík og tengiliði/málastjóra í Miðstöðvum velferðarsviðs (VEL).

Útfærsla: Þessi aðgerð er skv. innleiðingu laga um samþætta þónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og er samsvarandi við aðgerð D4 í Forvarnaráætluninni

Framkvæmd: Verkefnastjórar innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og Forvarnafulltrúi Rvk, aðstoða við að koma þessari tengingu á (milli Hins hússins, deildarstjóra barna og fjölskyldna, málstjóra farsældar, tengiliða farsældar). Forvarnafulltrúi HH heldur þessu samstarfi gangandi þegar samstarfi er komið á.

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH

- m) Hitt húsið eigi fulltrúa í samráðshópi fulltrúa Miðstöðvanna fjögurra þar sem markmiðið er að afla upplýsinga um ástæður brotthvarfs ungmenna úr framhaldsskólunum, fá yfirsýn yfir þarfir hans og hvaða úrræði honum standa til boða, samhæfa tilboð og verkefni. Tryggja samhengi við atvinnutengda námið.

Útfærsla: Þessi aðgerð er að hluta til samsvarandi við aðgerð D4 í Forvarnaráætluninni. Þessi liður tengist lið l. Skoða þarf sérstaklega atvinnutengd úrræði fyrir 16-18 ára.

Framkvæmd: Forvarnafulltrúi Hins hússins og miðstöðvar vinna þetta saman, Forvarnafulltrúi Rvk aðstoðar við að koma þessari vinnu af stað

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH, ef farið verður í að finna atvinnutengd úrræði þá er það verulegur kostnaður (amk 700.000.- á hvern einstakling) (þessi kostnaður er ekki inn í heildar kostnaði sem tilgreindur er í lið a)

- n) Komið verði á verkefni með skóla- og frístundasviði (SFS) og grunnskólum Reykjavíkur um samstarfssáttmála við ungmenni í 10. bekk og forráðamenn þeirra til að efla samstarf og styðja við nemendur að loknu grunnskólanámi og eða vegna brotthvarfs úr framhaldsskóla.

Útfærsla: Fá leyfi frá foreldrum á meðan nemendur eru í grunnskóla til að fylgja þeim eftir að grunnskóla loknum og geta svo gripið þau sem fara hvorki í skóla né vinnu – þetta er verkefni frá Grindavík

Framkvæmd: Samstarf grunnskóla, miðstöðva og svo Hins hússins, gæti verið tilraunaverkefni í Breiðholti

Kostnaður: Innan fjárhagsramma allra stafsstaða

- o) Hitt húsið leggi áherslu á starfsemi fyrir jaðarsett ungmenni t.d. brotthvarfshópin í framhaldsskólum og ungmenni sem eru í viðkvæmri stöðu þar með talið þau sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Lögð verði áhersla á fjölbreytni í opnu starfi hússins auk sértæks hópstarfs.

Útfærsla: Þessi aðgerð er að hluta til samsvarandi við aðgerð D4 í Forvarnaráætluninni. Neet hópur. Möguleiki á að samstarfaðilar t.d. velferðasvið eða miðstöðvar vísi í hópastarf og lokað klúbbastarf í Hitt húsið

Framkvæmd: Hitt húsið óskar eftir samstarfi við mögulega samstarfsaðila og metur þörf fyrir hópastarf hverju sinni, miðað við eftirspurn.

Kostnaður: Kostnaður óljós, amk 30% starfshlutfall (tveir starfsmenn fyrir hvern hóp

2 klst, tvisvar í viku) fyrir hvern hóp (þessi kostnaður er ekki inn í heildar kostnaði sem tilgreindur er í lið a).

p) Leitað verði leiða til að auka nýtingu frístundastyrksins í aldurshópnum 16-18 ára.

Útfærsla: Eiga samtal við ungmennaráð, aðildarfélög Frístundakortsins, Hins hússins og frístundaráðgjafa miðstöðvanna um hvar skóinn kreppir og hvar sóknarfærin liggja. Heyra hvað ungmennin vilja, hvað aðildarfélögin eru tilbúin að gera til að koma á móts við þau og hvaða stuðning Hitt húsið og frístundaráðgjafar miðstöðvanna geta veitt til að styðja við þær hugmyndir sem fram koma. T.d. opna tíma í boltaíþróttum, íslenskunámskeið fyrir ungt fólk o.s.frv.

Framkvæmd: Hitt húsið og MÍR þurfa að hafa frumkvæði að þessari vinnu

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnarfulltrúa HH

Hópurinn leggur til að eftirfarandi verkefni verði í forgangi:

E – D – C – O – M – N

Samantekt á áætluðum kostnaði

a	Kynning á heildartillögum	Áætlaður kostnaður
b	Forvarnarfulltrúi HH 50%	4.500.000
c	Tveir starfsmenn 2klstx2 í viku	2.700.000
d	Tveir starfsmenn í 100%	18.000.000
e	Samnýttir starfsmenn í lið d	-
f	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
g	Sótt um í lýðheilsusjóð	-
h	Þegar fjármagnað á styrkjum	-
i	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
j	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
k	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
l	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
m	Ca 700.000 á hvern x 10	7.000.000
n	Innan fjárhagsramma	-
o	Tveir starfsmenn 2klstx2 í viku	2.700.000
p	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
-	Samtals	34.900.000

Reykjavík, 3. október 2024
Markús Heimir Guðmundsson
Guðrún Halla Jónsdóttir
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Soffía Pálsdóttir
Kári Sigurðsson

Úrræð Reykjavíkurborgar og ríkis fyrir NEET hópinn - ungmenni 16-24 ára sem eru ekki í námi, vinnu né virkniúrræðum (e. Not in Education, Employment or Training).

Þegar fjallað er um NEET hópinn er oftast átt við aldurshópinn 16-24 ára. Í raun nær hugtakið þó til hóps sem ekki er í námi, þjálfun né starfi, óháð aldri.

Úrræði sem eru einungis fyrir 16-18 ára

Unglingabréið er hluti af starfsemi unglingasmiðju Stígs og Traðar fyrir 16-18 ára ungmenni. Þátttakendur eiga það sameiginlegt að upplifa eða hafa upplifað félagslega einangrun. Markmið er að veita félagslegan stuðning og öruggt umhverfi í hóp, með möguleika á tengingu út í samfélagið eins og íþróttastarf, tómstundastarf, skátar, þjörgunarsveit eða annað hópastarf. Ungmennni í Unglingabréið hittast eitt kvöld í viku. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð.

Námskraftur er fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára á vegum Fjölbrotaskólans í Ármúla. Um er að ræða einnar annar námsúrræði á framhaldsskólastigi. Markmiðið með Námskrafti er að styrkja nemendur með stuðningi og eftirfylgni til aukinnar ábyrgðar á námi sínu, með það að leiðarljósi að þau geti nýtt sér nám í framhaldsskólum og standist þær kröfur sem slíkt nám gerir til þeirra.

Geðheilsu- og miðstöð barna Geðheilsu- og miðstöð barna veitir 2. stigs heilbrigðisþjónustu á landsvísu fyrir börn að 18 ára aldri. Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga. Þverfaglegur starfshópur vinnur eftir markvissu skipulagi með fagleg gæði að leiðarljósi. Áhersla er á gott viðmót og fjölskyldumiðaða þjónustu. GMB á reglulegt samstarf við þjónustuveitendur víðsvegar um landið og sinnir starfsþjálfun háskólanema á sviðinu.

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu Sálfræðingar á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sinna meðferð barna og ungmenna (undir 18 ára) við vægum til miðlungs alvarlegum tilfinningalega- og hegðunarvanda og veita foreldrum ráðgjöf. Fyrirkomulagið getur verið mismunandi milli stöðva og upplýsingar um það eru á síðum heilsugæslustöðva. Læknir á heilsugæslustöð sendir tilvísun til sálfræðings til nánara mats og upplýsir um áætlaðan biðtíma.

Ráðgjafar- og greiningarstöð er miðlæg þjónusta- og þekkingarmiðstöð sem starfar á þverfaglegum grunni og sinnir börnum að 18 ára aldri hvar sem þau búa á landinu. Hlutverk hennar er meðal annars að annast greiningu og ráðgjöf vegna barna með víðtækar þroskaskerðingar, sinna fræðilegum rannsóknum á þessu sviði og veita börnum með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir langtímaeftirfylgd. Öflun og miðlun þekkingar um fatlanir og þroskaskerðingar og fræðsla um helstu íhlutunarleiðir er enn fremur meðal hlutverka stofnunarinnar. Ráðgjafar- og greiningarstöð er með reglulegar fræðslur og námskeið ætluðum aðstandendum fatlaðra barna.

Helgarsmiðjan Markhópurinn eru einstaklingar með fötlunargreiningar og/eða aðrar greiningar eða raskanir sem standa þeim fyrir þrífum í félagsstarfi og samskiptum. Helgarsmiðjan er fyrir börn og unglinga 10-18 ára. Lögð er áhersla á hópastarf sem eflir félagsleg tengsl og þátttöku. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð.

Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar er fyrir öll ungmenni á aldrinum 10-16 ára sem eru hinsegin eða tengja við hinsegin málefni á einn eða annan hátt. Félagsmiðstöðin þjónustar börn á borgarvísu og er í samstarfi við samtökin 78.

Skoska verkefnið, Tilgangur verkefnisins er að styðja við og valdefla unga innflytjendur (16-19 ára) og gera þeim kleift að öðlast sterkari rödd í samfélaginu. Um er að ræða skipulagt hópstarf fyrir ungmenni sem standa frammi fyrir áskorunum og eiga í erfiðleikum með að taka þátt í samfélaginu í gegnum vinnu, skóla og eða félagslegt net. Tólf ungmenni eru í hópstarfinu þar sem lögð er áhersla á fræðslu um náttúru og sjálfbærni. Hópstarfið er styrkt af ríkinu en leitt af Reykjavíkurborg í samstarfi við MoveOn í Glasgow og Edinburgh.

Skipulagt **ungmennastarfið** hefur verið starfrækt tvisvar í viku frá hausti 2024, á fimmtudögum og sunnudögum í félagsmiðstöðinni Hundrað og ellefu (staðsettri í Breiðholti) og dagskráin er ákveðin í samstarfi við nemendaráð Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Starfsemin hefur verið kynnt fyrir 16 ára og eldri í Breiðholtinu. Þau sem sækja starfið eru flest ungmenni í viðkvæmri stöðu. Verkefnið er styrkt af ríkinu en leitt af SFS í Suðurmíðstöð.

Foreldrahús Í Foreldrahúsi er starfrækt fjölskylduráðgjöf, foreldrahópar og foreldranámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglinga og stuðningsmeðferð fyrir ungmenni í vímuefnavanda. Velferðarsvið er með samning við Foreldrahús sem felur í sér að Foreldrahús veitir börnum sem sýna áhættuhegðun eða eiga við vímuefnavanda að stríða og foreldrum þeirra, ráðgjöf í formi gjaldfrjálsra viðtala.

Einstaklingsbundinn stuðningur á miðstöðvum úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla og stuðningsviðtöl við þá sem ekki eru í námi

Sumarstörf fyrir 17 ára hafa verið í boði sl ár, bæði almennt en einnig sérhæft fyrir ungmenni í viðkvæmri stöðu.

Úrræði sem beinast að öllum hópnum, 16-24 ára

Fjölsmiðjan (16- 24 ára) Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun með það að markmiði að starfrækja verkþjálfunar, framleiðslu- og fræðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Sömuleiðis eiga 25 ára og eldri aðgang að Fjölsmiðjunni ef þeir hafa sérstaka þörf á því sviði. Umsóknir um Fjölsmiðjuna fara í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga eða Vinnumálastofnun. Ráðgjafar á miðstöðvum vinna umsóknir í samvinnu með umsækjanda. Umsóknir eru teknar fyrir á fagfundum á miðstöðvum.

Hitt húsið Starfsemin skiptist niður í eftirfarandi deildir: Atvinnumál, frístund eftir skóla, listir og menning, upplýsingamiðstöð, jafningjafræðsla og hópstarf. Hitt Húsið er einnig miðstöð ungs fólks þar sem ungmenni geta nýtt aðstöðuna til að syngja, dansa, dreyma, skapa, læra, spila, funda, - nánast hvað sem þeim dettur í hug.

Bergið Headspace Stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri. Markmið Bergsins er að veita stuðning og ráðgjöf fyrir ungt fólk á forsendum ungs fólks aðlaga þjónustuna og veita fræðslu sem snýr að þeirra þörfum hverju sinni. Hægt er að fá viðtal við fagaðila sem kortleggur vanda, veitir stuðning, fræðslu og ráðgjöf um þjónustu í samfélaginu.

Hjálparsími 1717 Þjálfaðir og reynslumiklir sjálfböðaliðar á öllum aldri sjá um að svara þeim samtölum sem 1717 berast. Hægt er að hafa samband vegna alls þess sem liggur á hjarta og fá sálfélagslegan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi.

Sjúktspjall er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni til að ræða áhyggjur af samböndunum sínum, samskiptum eða ofbeldi. Spjallið er fyrir ungmenni yngri en 20 ára af öllum kynjum.

Vinnumálastofnun aðstoðar við atvinnuleit og veitir einstaklingum ráðgjöf um hvernig best sé að bera sig að við atvinnuleit. Eins er starfrækt IPS þjónusta fyrir viðkvæma hópa í aldurshópnum 18-29 ára.

Úrræði fyrir 18 ára og eldri

Námsstyrkur. Heimilt er að veita einstaklingum 18 ára og eldri sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskóla vegna mikilla og langvarandi félagslegra erfiðleika framfærslu í námi. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð.

Reykjavíkurborg rekur Virkniús þar sem veitt er eftirfarandi þjónusta:

- **Atvinnu- og virknimiðlun.** Markmið er að styðja einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu við atvinnuleit. Veitt er aðstoð við gerð ferilsskrár, einstaklingar fá undirbúning fyrir atvinnuviðtöl auk þess sem virkniráðgjafar eru í samskiptum við vinnuveitendur til að útvega störf. Einnig eru haldin námskeið sem miða að því að auka starfshæfni notenda þjónustunnar. Öll sem sækja um fjárhagsaðstoð og eru vinnufær er vísað til Atvinnu- og virknimiðlunar.
- **IPS atvinnuráðgjöf** (Individual Placement and Support) er umfangsmeiri stuðningur til lengri tíma fyrir einstaklinga til að fá störf við hæfi og viðhalda ráðningarsambandi. Gjarna veitt í framhaldi af atvinnu- og virknipjálfun ef á þarf að halda.
- **Grettistak** er átján mánaða endurhæfing fyrir fólk með langvarandi félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu. Markmiðið er að styðja fólk til sjálfshjálpar með þátttöku í námi eða atvinnu. Áhersla á bata, sjálfsstyrkingu, aukna félagslega færni og almenna virkni í samfélaginu. Að auki er stuðningur til þátttöku í nám, vinnu eða aðra virkni.
- **Tinna** er úrræði fyrir einstæða foreldra, 18 ára og eldri sem eru með fjárhagsaðstoð, endurhæfingarlífeyri eða örorku. Helsta markmið er að fólk auki lífsgæði sín og barna sinna. Áætlun er gerð í samræmi við einstaklinginn með það að markmiði að auka sjálfsstyrkingu, virkni og þátttöku í leik og starfi.

Elia er Búsetu- og stuðningsúrræði fyrir unga einstæða foreldra á aldrinum 18-29 ára með 1-2 börn. Foreldrar fá úthlutaða félagslega leiguíbúð en fá jafnframt stuðning og ráðgjöf m.a. í uppeldishlutverki sínu, varðandi virkni, menntun og/eða atvinnuleit. Áhersla er lögð á forvarnarpátt og uppbyggingarstarf í lífi fjölskyldnanna. Íbúðirnar eru 12 í Ellu.

Einstaklingar á sem sækja um **fjárhagsaðstoð til framfærslu** og eru í atvinnuleit eru boðaðir í viðtal hjá Atvinnu og virknimiðlun þegar ljóst er að viðkomandi á rétt á fjárhagsaðstoð. Að öllu jöfnu eru einstaklingar sem fá greidda fjárhagsaðstoð samfelld í þrjá mánuði boðaðir í viðtal hjá ráðgjafa á miðstöð. Einstaklingum er svo vísað á þjónustu annarra aðila ef það hentar betur.

Á miðstöðvum er veitt **einstaklingsmiðuð ráðgjöf**, gerð er áætlun með það að markmiði að styðja umsækjanda í að komast í nám, atvinnu og aðra uppbyggjandi virkni. Námsstyrkir eru veittir til þeirra sem hafa áhuga á námi sem leiðir til stúdentsprófs og er þá greidd fjárhagsaðstoð til framfærslu ásamt innritunar- og bókakostnaði. Í ráðgjöf til ungs fólks sem ekki er vinnufært, er lögð áhersla á samvinnu við aðrar stofnanir svo sem heilsugæslu, geðheilsustöðvar, Bergið og Virk. Önnur aðstoð er til dæmis styrkir til sérfræðiviðtala ásamt aðstoð við skipulag fjármála og húsnæðismála, þar á meðal umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði og stuðningsheimili ef viðkomandi er yngri en 24 ára og þarf sérstakan stuðning við

búsetu. Veitt er ráðgjöf til þeirra sem eru í fíknivanda, m.a. með tilvísunum til SÁÁ og þátttöku í Grettistaki.

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður hefur þróað sérstakt teymi sem kallast **Ung VIRK**, sem sinnir ungu fólki með skerta starfsgetu, litla menntun og/eða langvarandi atvinnuleysi. Markmið verkefnisins væri að hækka virknihlutfall ungs fólks á aldrinum 18 til 29 ára með aukinni samvinnu þjónustukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og veitir:

- **Ráðgjöf og stuðning** við að komast í nám eða vinnu
- **IPS þjónustu** (Individual Placement and Support) – einstaklingsmiðaður stuðningur við starfsleit
- Samstarf við aðila eins og Hringsjá, Framvegis, SÁÁ, Grettistak og fleiri
- Sérhæfð úrræði fyrir einstaklinga með taugaproskaraskanir og fíknivanda

Hugarafl. Velferðarsvið er með samning við Hugarafl um að veita allt að 20 manns einstaklingsbundinn stuðning. Stuðningurinn er ætlaður þeim sem eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu og snýr þjónustan að því að styðja einstaklingana í bataferlinu með sjálfstyrkingu og valdeflingu að leiðarljósi. Unnið er að því að styrkja sjálfsmynd, sjálfstraust og félagslega stöðu með virkri þátttöku.

Pieta samtökin veita gjaldfrjálsa meðferð fyrir fólk með sjálfsvígshugsanir og sjálfsskaða. Þóðið er upp á viðtöl og stuðningshópa fyrir 18 ára og eldri.

Annað

Í dag er í undirbúningi **vinnulýsing fyrir starfshóp** sem ætlað er að móta verklag um hvernig hægt er að tryggja betur flæði þjónustu fyrir aldurinn 14-18 ára innan miðstöðva Reykjavíkurborgar og á milli grunn- og framhaldsskóla án þjónusturofs í takt við verkferla Betri borgar fyrir börn og innleiðingar farsældarlaganna. Ráðgert er að í vinnuhópnum sitji fulltrúar miðstöðva, barnaverndar, Keðjunnar og Hins hússins og að hópurinn skili inn tillögum í nóvember.

Í dag er að störfum **ofbeldisvarnarhópur** á vegum ráðuneytisins sem í situr forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar ásamt fulltrúa SFS. Velferðarsvið á einnig fulltrúa í undirhópi sem er að fjalla um NEET- hópin.

Tekið saman 15.08.2025/GHJ

(Með fyrirvara um að einhver verkefni gætu hafi gleymst)